# Stofnskrá fyrir Náttúrusafn~~fræðistofu~~ Kópavogs

## 1. gr.

Stofnunin heitir Náttúrusafn~~fræðistofa~~ Kópavogs og er eign Kópavogsbæjar.

## 2. gr.

Tekjur ~~stofunnar~~ safnsins eru fjárveitingar úr bæjarsjóði og aðrar tekjur eftir atvikum sem ~~stofan~~ safnið hefur af ~~útseldri vinnu og annarri~~ gjaldhæfri þjónustu, auk styrkja frá opinberum aðilum. Allur arður af starfseminni rennur til ~~stofunnar~~safnsins. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

## 3. gr.

Náttúrusafn~~fræðistofa~~ Kópavogs starfar í samræmi við gildandi safnalög og fylgir siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM, International Council of Museums).

## 4. gr.

Aðalhlutverk ~~Náttúrufræðistofu~~ Náttúrusafns Kópavogs eru:

a. ~~c~~ að veita almenningi og nemendum fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,
~~a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknarstofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,~~

b. að safna náttúrufræðilegum gögnum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti,

~~c. að veita almenningi og nemendum fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,~~
c~~d~~. að stuðla að ~~æskilegri landnýtingu,~~ náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,

d.~~a~~ að stunda vísindalegar rannsóknir á safneign sinni og á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknarstofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

e. að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði- safnsins~~stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum, enda komi greiðsla fyrir~~.

**5. gr.**

Málefni Náttúrusafns~~fræðistofu~~ Kópavogs heyra undir ~~Lista- og menningarráð~~Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar. ~~Bæjarskrifstofur~~ Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar Kópavogsbæjar annast bókhald safnsins ~~stofunnar~~ og fjárreiður.

**6. gr.**

Stjórn ~~Náttúrufræðistofu~~ Náttúrusafns skal skipuð í samræmi við bæjarmálasamþykkt. Um hlutverk stjórnar fer samkvæmt bæjarmálasamþykkt, erindisbréfi og viðeigandi reglum.

**7. gr.**

Forstöðumaður er ráðinn samkvæmt reglum bæjarstjórnar Kópavogs um ráðningar starfsmanna. Hann annast allan daglegan rekstur ~~stofunnar~~safnsins, gerir fjárhagsáætlanir, ræður starfslið ~~stofunnar~~ og er í forsvari fyrir ~~hana~~safnið. ~~Forstöðumaður skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu.~~

**8. gr.**

Komi til þess að ~~Náttúrufræðistofa~~ Náttúrusafn Kópavogs verði lagt~~ögð~~ niður skal safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Öðrum eignum skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.

Samþykkt af ~~lista- og menningarráði~~Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogs 14. maí 2025.
Breytingar samþykktar á fundi bæjarstjórnar þann 22. maí 2025.

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026